

Náms- og starfsráðgjöf

Skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 (13. grein) eiga öll börn á grunnskólaldri rétt á náms- og starfsráðgjöf.

Náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda í málum sem tengjast námi og skólagöngu þeirra. Náms- og starfsráðgjafi veitir nemendum fræðslu og ráðgjöf um námstækni, framhaldsnám og störf, sjálfsmynd, samskipti og líðan auk þess að leggja fyrir áhugasviðskannanir og skipuleggja skóla- og starfskynningar í samvinnu við skólana. Náms- og starfsráðgjafi vinnur með skóla- stjórnendum, umsjónarkennurum og foreldrum eftir því sem við á. Foreldrar geta leitað til náms- og starfsráðgjafa vegna náms og skólagöngu barna sinna.

Náms- og starfsráðgjafi hefur daglega viðveru á skrifstofu Skólaþjónustunnar á Hvolsvelli, auk þess sem hann kemur reglulega í alla fimm grunnskólana.



Náms- og starfsráðgjafi
Skólaþjónustunnar er
Arnheiður Dögg Einarsdóttir.
Hún er með vinnuáðstöðu að
Austurvegi 4 á Hvolsvelli.
Sími: 487-8107/ 897-5107
Netfang: arnheidur@skolamal.is



www.skolamal.is
skolamal@skolamal.is
S. 487-8107

Skólaþjónusta Rangárvalla- og
Vestur-Skaftafellssýslu

Austurvegi 4
860 Hvolsvelli

www.skolamal.is

*Þjónusta náms-
og starfsráðgjafa*



2018

Þjónusta náms- og starfsráðgjafa

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er meðal annars að:

- leiðbeina nemendum um góð vinnubrögð í námi.
- aðstoða nemendur við að auka sjálfsþekkingu sína og gera sér grein fyrir áhugasviðum sínum og lífsgildum.
- veita upplýsingar um náms- og starfsmöguleika sem og upplýsingar um framhaldsskóla.
- aðstoða nemendur við að setja sér markmið og ígrunda val.
- veita nemendum stuðning vegna erfiðleika í námi, liðanar og áfalla.
- vinna í samstarfi við kennara og aðra sérfræðinga að bættum samskiptum nemenda.
- vinna í samstarfi við skóla og heimili að velferð og góðri námsframvindu hvers einstaklings.



Verkefni náms- og starfsráðgjafa:

Náms- og starfsfræðsla:

- Umsjón, skipulag og framkvæmd náms- og starfsfræðslu í samstarfi við skólana. Náms- og starfsfræðsla fer fram inni í bekk/deildum fyrir alla nemendur. Samstarf við skólana vegna skipulags náms- og starfskynninga og heimsókna í framhaldsskóla.
- Námskeið sem styrkja nemendur í námi og/eða atvinnuleit, s.s. gerð ferilskrár, ferilmöppu og hvernig nýta má netið til að leita upplýsinga um fjölbreytt nám og störf.

Ráðgjöf um námstækni og vinnubrögð:

- Leiðsögn og fræðsla til nemenda um skipulagningu tíma og áætlanagerð, námstækni, námsaðferðir, lestraráðferðir, prófaundirbúning og hvernig hægt er að takast á við prófkviða og álag í námi.

Samstarf við skóla, kennara og foreldra auk þverfaglegs samstarfs við sérfræðinga í málum einstakra nemenda:

- Samstarf við kennara, skólastjórnendur og foreldra eftir því sem við á.
- Samstarf við sálfræðing, kennsluráðgjafa og fleiri sérfræðinga Félags- og skólaþjónustunnar eftir því sem við á hverju sinni auk samstarfs við skólahjúkrunarfræðing.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa, frh.:

Mat og greining á náms- og starfsfærni:

- Greining styrkleika og veikleika nemenda vegna náms- og starfsvals. Áhugasviðspróf.
- Unnið með áhuga og gildi til að auka sjálfsþekkingu sem er undirstaða ígrundaðs náms- og starfsvals.

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur við nemendur:

- Stuðningur og leiðsögn vegna námsvals.
- Stuðningur og ráðgjöf vegna tímabundinna erfiðleika og/eða áfalla. Leiðsögn og ráðgjöf um hvernig takast má á við streitu, áhyggjur, kvíða o.fl.
- Leiðsögn og fræðsla um lífsstíl og venjur sem stuðlað geta að bættri liðan, aukinni einbeitingu, auknu úthaldi og tilfinningalegu jafnvægi nemenda. Sjálfstyrkingar-námskeið.
- Hópráðgjöf og einstaklingsviðtöl.

Nemendur geta sjálfir komið í viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa á viðverutíma hans í skólanum. Einnig má nálgast beiðnir um aðstoð náms- og starfráðgjafa hjá umsjónakennurum og riturum hvers skóla og á heimasíðu Skólaþjónustunnar.